

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 11. apríl 2025
Mnr. 2017050109



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - afnot af Grunnskóla Önundarfjarðar

Erindi um styrkbeiðni barst til Ísafjarðarbæjar frá Önnu S. Sigurðardóttur, verkefnastjóra Tungumálatöfra, dags. 31. mars 2025, þar sem óskað var eftir afnotum af félagsheimilinu á Flateyri og Grunnskólanum í Önundarfirði. Tungumálatöfrar þurfa aðgang að 3 kennslustofum, eldhúsi og salernum auk félagsheimilisins.

Kostnaðurinn við að leiga félagheimilið, 3 skólastofur og eldhús í 6 daga er skv. gjaldskrá Ísafjarðarbæjar eftirfarandi:

Lítill skólastofa, allt að 4 klst.	kr.5930*3*6	kr.106.740
Aðgengi að eldhúsi	kr.11.060*6	kr.66.360
Félagsheimili	kr.20.800*6	kr.124.800
Samtals		kr.297.900

Skólastjóri grunnskólans myndi sjá um að afhenda lykla að húsnæðinu til verkefnastjóra Tungumálatöfra en að öðru leyti ætti ekki að þurfa frekari aðkomu starfsmanna skólans. Húsnæðið skal vera þrifið og vel gengið frá áður en aðilar Tungumálatöfra skila því aftur að loknu námskeiði.

Lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til styrkbeiðni Tungumálatöfra.